

Sp.

461. Fyrirspurnir.

[242. mál]

I. Til samgönguráðherra um snjómokstur á þjóðvegum.

Frá Tómasi Árnasyni.

Hver var kostnaður við snjómokstur á þjóðvegum landsins árin 1971, 1972, 1973 og 1974? Hvernig skiptist kostnaðurinn á hvert ár um sig? Á hvaða þjóðvegum var hann mestur?

Hvaða reglur gilda um snjómokstur hjá Vegagerð ríkisins?

II. Til félagsmálaráðherra um athugun á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

1. Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis um athugun á breytingu á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum, frá 26. mars 1974?
2. Hvenær má búast við, að lagafrumvarp til breytinga á umræddum lögum samkv. ályktun Alþingis verði lagt fram?